

Ed.

SS. Nefndarálit

um frv. til laga um búfjártryggingar.

Frá meiri hluta landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið einhuga um þetta frv. Meiri hlutinn er þeirrar skoðunar, að með frv. sje stigið spor í framfaraáttina og að nauðsynlegt sje, að löggjafarvaldið greiði fyrir viðleitni framtaksmannanna um þau mál, er horfa til betri og tryggari afkomu atvinnuveganna.

Sem betur fer eru augu manna meira og meira að opnast fyrir því, að bætt meðferð á búfje er fyrsta og helsta skilyrðið fyrir því, að afurðirnar sjeu sæmilega tryggar. En fyrir því er reynsla, að bætt meðferð og ræktun búfjenaðar gerir hann jafnframt fínbygðari og móttækilegri fyrir ýmsum kvillum. Við þetta vex að sjálfsögðu nauðsynin á því að váttryggja gripina, sjerstaklega þá, sem verðmætastir eru. Og verðmæti góðra gripa eykst eftir því sem áhugi manna fyrir kynbótum vex. Auk þess sem fátækum mönnum er það jafnan tilfinnanlegt, að standa uppi með óbættan skaða, er þeir missa bjargargripi sína. Meiri hluti nefndarinnar lítur því svo á, að sjálfsagt sje að hefjast framkvæmda sem fyrst í þessu máli.

Einstök atriði frv. verða ekki rakin hjer. Um þau má lengi deila. Löggjöf á þessu sviði er frumsmíði hjer á landi. Reynslan ein verður að skera úr um það, hvað best reynist.

Alt innra skipulag trygginganna verður að setja með reglugerð. Verður þar meðal annars ákveðið, að sláturafurðir af þeim gripum, er farast, skuli dregnar frá váttryggingarfjenu.

Um framkvæmd laganna er það að segja, að nauðsynlegt er, að hún verði sem óbrotnust og ódýrust. Og þar sem virðast má, að allmiklir snúningar og kostnaður geli orðið við virðingu gripanna eftir ákvæðum frv., þá lýtur breyttill. meiri hlutans að því að haga virðingunni á einfaldari og kostnaðarminni hátt. Að vísu skal það játað, að sú aðferð er ekki eins nákvæm, en þó virðist hún vel tiltækileg og vera sæmileg lausn á málinu. Meiri hlutinn vill þó ekki nema í burtu úr frv. það fyrirkomulag, sem þar er ráðgert um virðingu gripanna, heldur láta hlutaðeigendur ráða, hverja aðferðina þeir vilji nota. Að sjálfsögðu verður að flokka gripina, ef notuð er sú aðferð, sem meiri hlutinn stingur upp á, þannig, að meðalverð á ungvíðum sje annað en á fullorðnum gripum.

Ekki má gera ráð fyrir því, að tryggingarfjelög komist á í sveitunum strax og lögin koma í gildi, vegna þess að allmikill undirbúningur þarf áður að fara fram, svo sem að finna grundvöll undir hæfilegt iðgjald og önnur þau ákvæði, er í reglugerð verða sett. Eigi að síður er nauðsynlegt að afgreiða lögin nú, til þess að framkvæmdir hefjist og að ákvæði II. kafla, um stofnun búfjártryggingarsjóðs Íslands, komist í framkvæmd.

Samkvæmt framansögðu leggur því meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLOGU.

Við 10. gr.

Á eftir fyrri málsgrein komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er þó stjórn sjóðsins að ákveða fyrir eitt ár í senn jafnaðarverð til skaðabóta á öllum nautgripum í hreppnum, án þess að sjerstakt mat fari fram. Má það verð ekki vera hærra en það, sem telja má sannvirði á meðalgrip. Vilji váttryggjandi eigi hlíta því meðalverði, sem þannig er sett, getur hann á sinn kostnað látið virðingarmenn meta gripí sína og váttrygt þá samkvæmt því mati.

Alþingi, 3. febrúar 1928.

Einar Árnason,
form. og framsm. meiri hl.

Jón Baldvinsson,
fundaskrifari.